

## Fundur í Háskólaráði

Dags. 20.12.2023

Staður og tími: Teams kl. 14.00

Málsnúmer: 2306186

**Fulltrúar HB:** Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Sólveig Hallsteinsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson, Sævar Ari Finnbogason

**Fulltrúar nemenda:** Jón K. Ólafsson, Hlynur Finnbogason, Hjördís Garðarsdóttir, Ása Laufey Sigurðardóttir, Halldór Kjartan Þorsteinsson

**Áheyrnaraðilar:** Stefan Wendt, Lydia Geirsdóttir

**Fjarverandi:** Hanna Kristín Skaftadótti, Anna Þórunn Reynis

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
  - Samþykkt samhljóða
- Fýsileikaskýrsla
  - Margrét kynnti örstutt hvernig ferlið framundan væri. Fýsileikaskýrslan er hér til kynningar og kemur einnig til kynningar í Framkvæmdastjórn og hjá fagráði en það kemur í hlut Stjórnar Háskólans á Bifröst að taka afstöðu til hennar og hvort haldið verði í formlegar sameiningarviðræður.
  - Umræður: Margt jákvætt í skýrslunni og það hver framtíðarsýnin er, uppleggið er gott og fundarmenn almennt ánægðir með skýrsluna. Jákvætt hversu mikið hefur verið tekið tillit til sjónarmiða nemenda sem þeir komu meðal annars á framfæri á fundum með nefndinni. Mikil samlegðaráhrif eru greinileg, bæði fyrir nemendur, akademíska kennara og starfsfólk.
  - Mikilvægt er að halda því til haga í vinnunni framundan að fjarnám Háskólans á Bifröst er gott, vel skipulagt og mikilvægt að passa upp á þau gæði sem hafa náðst. Persónuleg þjónusta við nemendur má ekki glatast ef skólinn stækkar og verður annar stærsti skóli landsins. HA leggur einnig áherslu á persónulega þjónustu og báðir skólar sammála um mikilvægi þess að passa upp á nemendur og tengsl við þá. Lögð áhersla á að þetta komi fram með skýrari hætti ef veitt verður leyfi til frekari vinnu við sameiningu háskólanna. Lotunámið (7 og 14 vikna námskeið) við HB hentar fólki einstaklega vel sem er í vinnu og/eða með fjölskyldur heima fyrir með námi. Skipulag náms er eitt af því sem kemur ítrekað fram að nemendur eru hvað sáttastir með í gæðakönnunum meðal nemenda. Einnig mikilvægt að halda áfram með verkefnadrifið nám sem styður vel við nemendur sem eru í fjarnámi.
  - Til máls tóku: SAF, HF, JFJ, HG, HF, SH, HG, HLP, SAF, HF, LG

Fundi slitið kl. 14.30

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir